



 **Hjálparstarf
kirkjunnar**
actalliance

Starfsskýrsla 2020-2021



Hjálparstarf kirkjunnar

actalliance

Starfsskýrsla 2020–2021

Aðalfundur

2. október 2021

haldinn í Grensáskirkju



Efnisyfirlit

Inngangur	5	Þróunarsamvinna	25
		<i>Eþíópía</i>	26
Verkefni innanlands	6	<i>Indland</i>	28
Neyðaraðstoð vegna fátæktar	6	<i>Úganda - Aðstoð við barnafjölskyldur sem búa við sára fátækt vegna HIV/alnæmis</i>	28
Valdefling og aukin virkni fólks í félagslegri neyð	18	<i>Úganda - Unglingar í fátækrahverfum Kampala fá tækifæri til betra lífs</i>	28
Skjólíð - Opið hús fyrir konur sem glíma við heimilisleysi	21		
Fræðsla og málsvarastarf	22	Fjármál	30
Fræðsla	22	Fjáröflun	30
Málsvarastarf	23	Framlög til verkefna og reksturs	31
Verkefni á alþjóðavettvangi	24	Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk	32
Mannúðaraðstoð	24	Fulltrúaráð Hjalparstarfs kirkjunnar	33
<i>Aðstoð vegna átaka í Tigrayfylki í Eþíópíu</i>	24		

Inngangur

„Hér líður mér vel, ég er hrein og ég er södd,“ sagði í vor við okkur kona sem sækir Skjólið – Opið hús fyrir konur sem glíma við heimilisleysi, eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi eða búa við ótryggar aðstæður.

Hjálparstarf kirkjunnar opnaði Skjólið með formlegum hætti í febrúar síðastliðnum en í starfsemi þess kristallast hlutverk og markmið stofnunarinnar: Að veita fólki í sárri neyð stuðning og ráðgjöf til þess að það fái tækifæri til betra lífs.

Opnun Skjólsins í miðjum heimsfaraldri er til vitnis um sveigjanleikann sem stofnunin býr yfir, metnað hennar til góðra verka og áræðni en líka um það traust og þann stuðning sem stofnunin nýtur meðal almennings, stjórnvalda og þjóðkirkjunnar en kirkjuráð fjármagnar alfarið rekstur Skjólsins.

Konurnar sem sækja Skjólið búa við óöryggi og það gerir líka fólkið sem leitar eftir efnislegum stuðningi hjá Hjálparstarfinu. Fólkið sem leitar til okkar er án atvinnu, hefur búið við örorku í lengri tíma eða er á svo lágun launum á vinnumarkaði að þau duga ekki til framfærslu fjölskyldnanna, og þá sérstaklega þeirra sem búa í leiguhúsnæði.

Í heimsfaraldri hefur Hjálparstarfið gert sitt ítrasta til að halda áfram að bregðast við brýnni þörf fólks fyrir efnislega aðstoð og starfsfólk hefur sýnt mikla útsjónarsemi við að laga starfið að sóttvarnareglum stjórnvalda.

Fólk sem til okkar leitar hefur sagt vanlíðan sína og félagslega einangrun hafa aukist í heimsfaraldrinum. Því miður þurfti á starfsárinu að gera tímabundið hlé á sumum verkefnum sem miða að aukinni virkni fólks þar sem þau eru í eðli sínu þannig að þau fela í sér samveru. Verkefnin voru hins vegar keyrð af stað á ný um leið og sóttvarnareglur leyfðu.

Birtingarmynd fátæktar er ekki sú sama á Íslandi og í Eþíópíu. Á Íslandi eru börn sem búa við fátækt útsett fyrir félagslegri einangrun og einmanaleika en á verkefnasvæðum Hjálparstarfsins í Eþíópíu kemur sára fátækt m.a. í veg fyrir að stúlkur geti sótt skóla.

En hvort sem það er hér heima á Íslandi, á verkefnasvæðum í þróunarsamvinnu eða þar sem mannúðaraðstoð er veitt, er markmiðið með starfinu alltaf það sama: Að grunnþörfum fólks sé mætt en líka að veita fólki tækifæri til betra lífs, því eins og haft er eftir manneskju sem býr við fátækt er ekki nóg að vera á lífi, heldur þarf maður að eiga líf!

Á starfsárinu voru þróunarsamvinnuverkefni löguð að breyttum veruleika, verkþáttum sem krefjast nándar þurfti að fresta rétt eins og hér heima en efnisleg aðstoð var áfram veitt auk þess sem áhersla var lögð á samvinnu við stjórnvöld um forvarnir gegn COVID-19.

Mannúðaraðstoð á vettvangi náttúruhamfara og vegna átaka var áfram veitt í samvinnu við systurstofnanir í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance en starfið aðlagð að aðstæðum og sóttvarnareglum á vettvangi. Hvarvetna tók starfsfólk þátt í aðgerðum til að hefta útbreiðslu kórónuveirunnar.

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun sem hefur getað haldið úti öflugum starfi í neyðarfasa vegna heimsfaraldurs með frábærum stuðningi frá Hjálparliðum sem styrkja starfið með reglulegu framlagi, fólki sem hefur stutt starfið með stökum framlögum, félögum, fyrirtækjum, stjórnvöldum og þjóðkirkjunni. Fyrir þann stuðning erum við innilega þakklát!

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

Verkefni innanlands

Fyrsta tilfelli kórónuveirusmits á Íslandi var greint á síðasta degi febrúarmánaðar árið 2020 en starfsskýrsla þessi nær yfir tímabilið frá 1. júlí 2020 til loka júní 2021. Áhrifa heimsfaraldursins á samfélagið og á verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar var því þegar farið að gæta á fjórum síðustu mánuðum fyrra starfsárs.

Hjálparstarfið hafði þess vegna þegar breytt verklagi í starfi til þess að geta áfram sinnt hlutverki sínu og veitt fólki í sárri neyð efnislega aðstoð og ráðgjöf. Breytt verklag var áfram viðhaft á nýju starfsári og starfið allt tók mið af síbreytilegum sóttvarnareglum stjórnvalda.

Til þess að minnka samgang á skrifstofu fór þjónustan í ríkum mæli fram símleiðis og umsækjendum um efnislega aðstoð var boðið að sækja um á heimasíðu Hjálparstarfsins ásamt því sem félagsráðgjafarnir tóku á móti fólki utan hefðbundins viðtalstíma á miðvikudögum. Í desember sendi Hjálparstarfið svo í fyrsta sinn SMS til notenda þjónustunnar til að láta þá vita hvenær þeir gætu sótt inneignarkort og fleira í aðdraganda jóla.

Umsóknnum til Hjálparstarfsins um efnislega aðstoð fjölgaði í takt við aukið atvinnuleysi. Frá því í byrjun apríl 2020 og fram til marsmánaðar 2021 fjölgaði umsóknnum þannig um 40% miðað við sama tímabil áður en heimsfaraldurinn skall á.

Atvinnuleysi jókst mjög á seinni hluta ársins 2020 en alls voru 12,8% fólks á vinnumarkaði án atvinnu í byrjun janúar 2021. Frá áramótum hefur atvinnuleysi svo farið minnkandi á ný og mældist 6,2% við lok starfsárs. Umsóknnum til Hjálparstarfsins um efnislega aðstoð fjölgaði í takt við aukið atvinnuleysi. Frá því í byrjun apríl 2020 og fram til marsmánaðar 2021 fjölgaði umsóknnum um inneignarkort þannig um 40% miðað við sama tímabil áður en heimsfaraldurinn skall á.

Í heimsfaraldrinum gerðist það líka að tekjur ákveðins hóps fólks skruppu óvænt verulega saman. Þetta á til dæmis við um námsmenn sem misstu íhlaupavinnu með námi þegar námslánin dugðu þeim ekki til framfærslu og fólk sem missti vinnuna og hafði engar tekjur í allt að 12 vikur eða í þann tíma sem það beið eftir atvinnuleysisbótum.

Þetta á líka við um útlendinga sem eru fæddir utan evrópska efnahagssvæðisins og höfðu verið í vinnusambandi hér áður en efnahagskreppan vegna heimsfaraldursins skall á. Þegar fólkið missti vinnusamband við atvinnuveitanda sinn hafði það ekki rétt á atvinnuleysisbótum og varð að treysta á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Þegar fólk verður mjög tekjulágt eða tekjulaust í langan tíma aukast skuldir þess því það þarf áfram að greiða fyrir húsnæði og brýnustu nauðsynjar. Þegar fólk hefur ekki nægar tekjur sér til framfærslu hefur það ekki bara mjög slæm áhrif á fjárhag fólksins til lengri tíma heldur líka á andlega, líkamlega og félagslega heilsu þess.

Á starfsárinu urðu félagsráðgjafar Hjálparstarfsins áfram varir við aukinn kvíða og einmanaleika vegna samkomutakmarkana og einangrunar í heimsfaraldri. Segja má að fólk sem leitaði stuðnings hafi verið haldið ákveðinni lífsháskastreitu sem að sumu leyti var tilkomin vegna skorts á upplýsingum eða vegna þess að fólk fékk rangar upplýsingar sem m.a. má rekja til tungumálaerfiðleika.

Fólk sem leitaði stuðnings Hjálparstarfsins hafði í auknum mæli þörf fyrir ráðgjöf og sálrænan stuðning á sama tíma og virða þurfti reglur um fjarlægðarmörk og grímunotkun. Félagsráðgjafarnir voru því í nokkurs konar viðlagagír á starfsárinu þegar fólk af 80 mismunandi þjóðernum leitaði aðstoðar hjá Hjálparstarfinu.

Neyðaraðstoð vegna fátæktar

Efnisleg aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar felst fyrst og fremst í inneignarkortum fyrir matvöru, aðstoð við börn og unglinga sem eru útsett fyrir félagslegri einangrun sökum efnaleysis, aðstoð vegna kaupa á lyfjum og í því að fólk getur sótt sér notaðan fatnað til stofnunarinnar án endurgjalds.

Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfsins liggur til grundvallar þegar ákvörðun um efnislegan stuðning er tekin. Umsækjendur eru að öllu jöfnu beðnir um að mæta til viðtals með gögn um tekjur og útgjöld frá síðustu mánaðamótum og aðstoð er veitt þegar kaupmáttur ráðstöfunartekna er undir viðmiði um lágmarksfjárhæð til framfærslu.

Á starfsárinu leituðu 2363 fjölskyldur eftir efnislegri aðstoð hjá Hjálparstarfinu í samtals 4724 skipti. Flestar fjölskyldurnar leituðu aðstoðar í

eitt til tvö skipti en um 9% umsækjenda leituðu til Hjálparstarfsins oftari en fjórum sinnum á starfsárinu. Til samanburðar leituðu 2430 fjölskyldur eftir efnislegri aðstoð í samtals 4787 skipti á starfsárinu 2019 – 2020 en það var 339 fjölskyldur og 808 skiptum fleiri en á starfsárinu áður en heimsfaraldur braust út.

Fjölguð umsækjenda og aðstoðarbeiðna sem rekja má til heimsfaraldursins var þannig að mestu komin fram á starfsárinu 2019 – 2020. Þess er hins vegar vert að geta að fatamiðstöð Hjálparstarfsins var lokað í varúðarskyni vegna kórónuveirunnar lungann úr nýliðnu starfsári. Því fækkaði um 185 skipti sem fjölskyldur fengu notaðan fatnað á milli ára, úr 438 í 253 skipti en aðra tegund aðstoðar fengu fjölskyldur 122 skiptum oftari en á starfsárinu 2019–2020.

Inneignarkort fyrir matvöru

Neyðaraðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar felst fyrst og fremst í því að fólk fær inneignarkort í matvöruverslunum en mikil valdefling felst í því að fólk versli sjálft þær nauðsynjar sem það þarf í stað þess að bíða í röð eftir matarpoka sem aðrir hafa fyllt.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins ákveða upphæðina sem lögð er inn á inneignarkortið og hversu oft umsækjandi fær inneign á kortið á ákveðnu tímabili. Ef umsækjandi hefur þörf fyrir áframhaldandi aðstoð að tímabilinu liðnu býðst honum að koma aftur með uppfærð gögn um tekjur og útgjöld.

Í venjulegu árferði er það svo að vegna takmarkaðs fjármagns er fullorðnum barnlausum einstaklingum á höfuðborgarsvæðinu beint til annarra aðila sem aðstoða fólk um matarföng en þar sem Hjálparstarfið er eitt að störfum njóta barnlausir einstaklingar einnig aðstoðar með inneignarkortum í matvöruverslunum. Annað starfsárið í röð hefur nú verið brugðið út af þessu verklagi vegna kórónuveirufaraldurs og aðstoð í auknum mæli veitt einstaklingum í félagslegum vanda einnig.

Á starfsárinu 202–2021 fengu 2116 fjölskyldur inneignarkort fyrir matvöru í samtals 3657 skipti, þar af í 1707 skipti í aðdraganda jóla. Fjölskyldunum fjölgaði þannig um 15% milli starfsára en á starfsárinu 2019–2020 fengu 1836 fjölskyldur inneignarkort.

Frá því að kórónuveirusmitum fór að fjölga í mars 2020 og allt til marsmánaðar 2021 fjölgaði þeim sem fengu inneignarkort fyrir

matvöru hins vegar um 40%, miðað við sama tímabil á starfsárunum áður en heimsfaraldurinn skall á.

Aðstoð við lyfjakaup

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk í félagslegri neyð með því að hafa milli-göngu um lyfjakaup vegna slysa eða veikinda. Ekki er unnt að veita aðstoð eftir að lyf eru keypt og aðstoð er ekki veitt við kaup á lyfjum sem eru á lista Lyfjastofnunar yfir ávana- og fíknilyf. Á starfsárinu 2020–2021 nutu einstaklingar um land allt aðstoðar við lyfjakaup í 516 skipti en það er 60 skiptum færri en á starfsárinu 2020–2021.

Notaður fatnaður

Fatamiðstöð Hjálparstarfs kirkjunnar var lokað tímabundið um miðjan mars 2020 vegna samkomutakmarkana í heimsfaraldri. Á nýliðnu starfsári var hún opnuð aftur í skamman tíma með miklum takmörkunum áður en sóttvarnareglur kröfðust þess að henni yrði lokað á ný í byrjun október. Starfsárið á enda var fatamiðstöðin endurtekið opnuð og henni lokað á ný þegar kórónuveirutilfellum fjölgaði. Í raun var meira lokað en opið og því fækkaði þeim skiptum sem fólk gat komið eftir fatnaði miðað við starfsárið á undan; í 253 skipti samanborið við 438 skipti.

Jólaaðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar leggur ríka áherslu á að aðstoða fjölskyldufólk sem býr við kröpp kjör fyrir jólin svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar. Aðstoðin tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en fólk í brýnni þörf fær einnig notaðan fatnað eða inneignarkort fyrir fatnaði. Þá fá barnafjölskyldur aðgöngumiða í leikhús og / eða bíó og inneignarkort hjá vinsælum veitingastöðum meðal barna og unglinga. Foreldrar njóta



Á starfsárinu leituðu 2363 fjölskyldur eftir efnislegri aðstoð hjá Hjálparstarfinu í samtals 4724 skipti. Flestar fjölskyldurnar leituðu aðstoðar í eitt til tvö skipti en um 9% umsækjenda leituðu til Hjálparstarfsins oftari en fjórum sinnum á starfsárinu.

einnig aðstoðar svo börnin geti fengið jólagjafir sem þau hafa sett á óskalistann.

Alls fengu 1707 fjölskyldur um land allt inneignarkort og fleira fyrir síðustu jól samanborið við 1647 fjölskyldur á fyrra starfsári og 1274 fjölskyldur starfsárið 2018–2019. Aðstoðin var veitt í góðu samstarfi við Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefndir, Rauða krossinn og kirkjusóknir víðs vegar um landið. Þá er ótalið ómetanlegt vinnuframlag sjálfboda-liða Hjálparstarfsins í desember.

Aðstoð við börn og unglinga sem eru útsett fyrir félagslegri einangrun

Foreldrar grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör hafa mörg undan-farin ár leitað stuðnings hjá Hjálparstarfi kirkjunnar við að útbúa börnin í skólann. Sveitarfélögin í landinu útvega nú skólagögn án endurgjalds og hefur aðstoð Hjálparstarfsins tekið breytingum samkvæmt því. Stuðningurinn á starfsárinu fólst í því að aðstoða barnafjölskyldur sem höfðu ekki efni á að kaupa skólatöskur, hlýjan vetrarfatnað, íþróttavörur og fleira sem til féll í upphafi skólaárs og yfir veturinn.

Samtals fengu 44 foreldrar 120 grunnskólabarna fyrir þau skólatöskur, ritföng og nestisbox í upphafi skólaárs haustið 2020 og 30 foreldrar 33

barna og unglinga yngri en átján ára fengu styrk á síðasta starfsári til þess að þau gætu stundað íþróttir, listnám og tekið þátt í tómstunda-starfi með jafnöldrum sínum. Á starfsárinu fengu auk þess hátt á annað hundrað barna og foreldrar þeirra árskort í húsdýragarðinn.

Framtíðarsjóður er sérstakur sjóður Hjálparstarfs kirkjunnar sem notaður er til að styrkja ungmenni til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að láns hæfu námi. Sjóðurinn hefur verið til frá árinu 2006 en markmiðið með styrkveitingu úr honum er að rjúfa vítahring stuttrar skólagöngu, lágra launa og fátæktar. Á starfsárinu nutu 64 ungmenni styrks úr sjóðnum til greiðslu skólagjalda og fyrir bóka- og efniskostnaði í 11 framhaldsskólum í nýu sveitarfélögum.


Efnisleg aðstoð samkvæmt nýju skráningarkerfi Hjálparstarfs kirkjunnar

Á næstu síðum er yfirlit yfir þá efnislegu aðstoð sem Hjálparstarfið veitti á starfsárinu 2020–2021. Upplýsingarnar eru unnar upp úr skráningarkerfi sem félagsráðgjafarnir nota í starfi sínu og var tekið í notkun um vor 2020. Upplýsingarnar eru ekki tæmandi en yfirlitið veitir innsýn í eðli og umfang aðstoðar sem veitt var og stöðu þeirra sem aðstoðar leituðu. Við vinnslu gagna var hugað að persónuvernd.


Alls fengu 1707 fjölskyldur um land allt inneignar-kort og fleira fyrir síðustu jól samanborið við 1647 fjölskyldur á fyrra starfsári og 1274 fjölskyldur starfsárið 2018–2019.



Fjöldi umsækjenda og fjöldi skipta sem fólk leitaði eftir efnislegri aðstoð hjá
Hjálparstarfi kirkjunnar. Breyting milli starfsára




Tegund afgreiðslu um efnislega aðstoð starfsárið 2020-2021




* Umsókn um aðstoð er hafnað þegar ráðstöfunartekjur umsækjanda eru hærri en viðmiðið um lágmarksfjárhæð til framfærslu. ** Í upphafi skólaárs 2020 - 2021 nutu 44 foreldrar 120 grunnskólabarna aðstoðar. *** Á starfsárinu nutu 30 foreldrar 33 barna og unglunga aðstoðar svo þau gætu stundað íþróttir, listnám og tómstundastarf með jafnöldrum.


Aldursdreifing umsækjenda og fjöldi umsókna innan hvers aldurshóps starfsárið 2020-2021



Kyn umsækjenda um efnislega aðstoð starfsárið 2020-2021




Fjölskyldugerð umsækjenda starfsárið 2020-2021




* Þess ber að geta að í skráningarkerfi Hjálparstarfsins eru einstæðir foreldrar barna sem eiga lögheimili annars staðar skráðir sem einstaklingar.


Framfærslugrunnur umsækjenda um efnislega aðstoð starfsárið 2020-2021




Húsnæðiskostur umsækjenda um efnislega aðstoð starfsárið 2020-2021



Búsetusvæði umsækjenda starfsárið 2020-2021




Þjóðerni umsækjenda starfsárið 2020-2021



Af þeim 2363 sem leituðu aðstoðar hjá Hjálparstarfinu á starfsárinu voru 1548 með íslenskt ríkisfang.

Þjóðerni umsækjenda annað en íslenskt starfsárið 2020-2021



■ Pólland	■ Óskráð	■ Venesúela	■ Sýrland	■ Írak	■ Nígería	■ Afganistan
■ Marokkó	■ Íran	■ Lettland	■ Litháen	■ Rúmenía	■ Filippseyjar	■ Portúgal
■ Palestína	■ Sómalía	■ Níger	■ Gana	■ Taíland	■ Ítalía	■ Spánn
■ Úkranía	■ Albanía	■ Pakistan	■ Rússland	■ Srí Lanka	■ Kenía	■ Egyptaland
■ Kólumbía	■ Makedónía	■ Tyrkland	■ Þýskaland	■ Alsír	■ Austur Kongó	■ Bandaríkin
■ Chad	■ Danmörk	■ Dóminíska lýðveldið	■ Eistland	■ England	■ Eþíópía	■ Grænhöfðaeyjar
■ Kína	■ Líbía	■ Perú	■ Súdan	■ Svíþjóð	■ Túnis	■ Úganda
■ Aserbaídsjan	■ Bosnía og Hersegóvína	■ Brasilía	■ Bretland	■ Búlgaría	■ Cameroon	■ El Salvador
■ Fílabeisströndin	■ Frakkland	■ Gínea	■ Gínea-Bissá	■ Grikkland	■ Haítí	■ Holland
■ Indland	■ Jemen	■ Kamerún	■ Kasakstan	■ Kirgisistan	■ Króatía	■ Kúveit
■ Mið-Afríkulyðveldið	■ Namibía	■ Paragvæ	■ Serbía	■ Simbabve	■ Singapúr	■ Suður-Afrika
■ Tadsjikistan	■ Tékkland	■ Vietnam				

Alls voru umsækjendur um efnislega aðstoð á starfsárinu af 80 mismunandi þjóðernum.



„Það skiptir máli að hafa eitthvað að gera og að hafa einhvern að tala við!“

Konur sem hafa lítið sem ekkert tengslanet á Íslandi taka þátt í verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins „Taupokar með tilgang“ þar sem þær sauma, spjalla og borða saman.

Valdefling og aukin virkni fólks í félagslegri neyð

Í heimsfaraldri hefur starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar sýnt mikla útsjónarsemi við að laga starfið að sóttvarnareglum stjórnvalda en á starfsárinu hefur gengið misvel að halda áfram fullum dampi í verkefnum sem miða að aukinni virkni fólks í félagslegri neyð þar sem sum verkefnanna fela í sér náð samneyti.

Taupokar með tilgang

Verkefnið *Taupokar með tilgang* er fyrir konur úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda og eru útsettar fyrir félagslegri einangrun. Konurnar endurvinnna efni sem almenningur hefur gefið og læra að sauma úr því fjölnota innkaupatöskur, grænmetisþoka, dúka, skiptiteppi fyrir börn o.fl.. Í lok sauma borða konurnar svo saman hádegismat og kynnst betur en þær koma víða að og hafa ólíkan bakgrunn. Verkefnið stuðlar þannig að aukinni virkni kvennanna og félagsskap þeirra í milli um leið og konurnar vinna að umhverfisvernd.

Verkefnið er unnið í samvinnu við Hjálpræðisherinn og var upphaflega einu sinni í viku en vegna mikillar eftirspurnar og vegna samkomutakmarkana í heimsfaraldri var ákveðið að skipta hópnum í tvennt. Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins hefur haft umsjón með mánudagshópnum en Hjálpræðisherinn í Reykjavík hefur séð um samveruna á fimmtudögum. Í heimsfaraldri hefur þurft að takmarka fjölda þátttakenda við 20 konur í hvert skipti og hafa því færri tekið þátt í verkefninu en hafa viljað.

Á starfsárinu fór verkefnið af stað í byrjun september og var í gangi í þrjár vikur áður en því var frestað vegna sóttvarnareglna. Það fór af stað aftur þann 18. janúar við mikinn fögnuð kvennanna sem sögðu að það væri gott að geta farið út af heimilinu aftur, hittu aðrar konur, spjalla saman og gantast og síðast en ekki síst að hafa eitthvað fyrir stafni.

Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar

Stattu með sjálfri þér – Virkni til farsældar er tveggja ára verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar með konum sem búa við örorku og eru með börn á framfæri. Fimmtán konur taka þátt í verkefninu sem hófst í september 2020 en þátttaka er konunum að kostnaðarlausu.

Í upphafi verkefnisins bauð félagsráðgjafi Hjálparstarfsins hverjum þátttakanda fyrir sig í viðtal þar sem konurnar settu sér markmið út frá áhugasviði og styrkleikum. Konurnar hafa svo mætt reglulega í einkaviðtöl þar sem félagsráðgjafinn hjálpar þeim við að koma auga á lausnir á erfiðum úrlausnarefnum og í sameiningu er farið yfir hvernig miðar að settu marki. Félagsráðgjafi mætir með konunum á fundi ef þess er óskað, til að mynda hjá barnavernd og félagsþjónustu.

Auk viðtalstíma hjá félagsráðgjafa hittast þátttakendur á fræðslufundum á fimmtudagsmorgnum en dagskrá fundanna er ákveðin í samráði við konurnar sjálfar. Meðal fyrirlesara í vetur sem leið voru Berglind Gunnarsdóttir sálfræðingur í Foreldrahúsi sem fjallaði um sjálfstyrkingu í foreldrahlutverkinu, Bjarni Karlsson sem fjallaði um leiðir frá meðvirkni, Guðrún Bergmann sem fjallaði um sjálfsrækt, heilbrigt mataræði, kærleika og sjálfsmyndina og Edda Björgvinsdóttir hélt erindi fyrir hópinn um hómor og aðra styrkleika.

Árangur eftir fyrra starfsár verkefnisins kom skýrt í ljós í viðhorfskönnun sem lögð var fyrir konurnar í maí síðastliðnum. Konurnar sögðust þá margar hafa upplifað jákvæðar breytingar á félagslegri virkni sinni, sjálfstrausti og getu til að takast á við foreldrahlutverkið. Meirihluti kvennanna hafði þá einnig fundið fyrir jákvæðum breytingum á líðan og getu til að takast á við verkefni daglegs lífs.

Hjálparstarfið nýtur ómetanlegs stuðnings félagsmálaráðuneytisins, VIRK-starfsendurhæfingarsjóðs, Lýðheilsusjóðs og Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur til þessa viðamikla valdeflingarverkefnis en þrír hópar kvenna hafa nú tekið þátt í sambærilegu verkefni frá árinu 2016.

Sumarfrí á eigin vegum

Þegar fólk hefur litið á milli handanna fara tekjurnar fyrst og fremst í að greiða fyrir húsnæði og að tryggja að matur sé á borðum fyrir börnin. Margar af þeim barnafjölskyldum sem leita til Hjálparstarfsins hafa ekki efni á því að fara í sumarfrí og geta því ekki safnað dýrmætum minningum sem börn vilja gjarnan deila með bekkjarfélögum að hausti.

Sumarið 2020 þegar landsmenn fengu ferðagjöf frá stjórnvöldum til að ferðast innanlands ákvað Hjálparstarf kirkjunnar að aðstoða barnafjölskyldur sem búa við kröpp kjör við að komast í sumarfrí að eigin vali.



Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur veitti veglegan styrk til valdeflingarverkefnisins í vor.

Í maí síðastliðnum svöruðu 12 af 15 þátttakendum könnun um árangur verkefnisins hingað til. Tíu af tólf sögðust finna fyrir jákvæðum breytingum á sjálfstrausti og trú á eigin getu og á getu til að takast á við verkefni foreldrahlutverksins. Átta konur sögðust einnig finna fyrir jákvæðum breytingum á félagslegri virkni. Allar sögðust þær finna fyrir jákvæðum breytingum á líðan og getu til að takast á við verkefni daglegs lífs.

Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi sem stýrir verkefninu segir að í því felist mikil valdefling. „Það er alveg frábært fyrir börnin að upplifa jákvæða orku með mömmu og pabba og kynnast sjálfum sér og fjölskyldunni betur í nýjum aðstæðum. Það er valdeflandi að upplifa að fjölskyldan getur gert ýmislegt saman. Það er líka mjög valdeflandi fyrir börnin að geta tekið þátt í umræðum með skólasystkinum í upphafi skólaársins um ævintýri sumarsins en þegar fólk býr við fátækt er því einmitt hættara við félagslegri útilokun.“



Verkefnið heppnaðist afar vel en alls fór þá 21 fjölskylda, foreldrar og samtals 45 börn, í sumarfrí innanlands með aðstoð Hjálparstarfsins.

Ákveðið var að endurtaka leikinn og sumarið 2021 fengu 33 fjölskyldur, foreldrar og samtals 77 börn, stuðning við að komast í frí að eigin vali. Fjölskyldurnar fóru vítt um landið, í hvalaskoðun, á hestbak og gerðu ýmislegt sem þær hefðu ekki getað leyft sér án stuðnings.

Skipulagt sumarfrí með Hjálparstarfi kirkjunnar og Hjálpræðishernum

Auk þess að aðstoða fjölskyldur við að fara í sumarfrí á eigin vegum skipulögðu Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn hópferðir fyrir barnafjölskyldur sumarið 2021. Fjölskyldur með börn á aldrinum 3 – 12 ára fóru í dagsferð í dýragarðinn Slakka en hann nýtur mikilla vinsælda meðal barna. Fjölskyldur með börn á aldrinum 10-18 ára fóru í hópferð til Vestmannaeyja þar sem gist var yfir nótt. Alls fóru 46 fjölskyldur, foreldrar og 105 börn, í skipulagt sumarfrí á vegum Hjálparstarfsins og Hjálpræðishersins og voru þátttakendur hæstánægðir með fríið.

Skipulagða sumarfríið tekur við af Sumarfríi fyrir barnafjölskyldur í sumar-
arþúðum skáta við Úlfliótsvatn en Hjálparstarfið og Hjálpræðisherinn höfðu með sér samstarf um það verkefni í sjö sumur.

Ræktaðu garðinn þinn

Ræktaðu garðinn þinn er heiti á hópstarfi á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins sem stendur yfir sumartímann. Þátttakendurnir fá þá pláss í Seljagarði í Breiðholti til að rækta sitt eigið grænmeti en gildi verkefnisins felst ekki síst í útveru, hreyfingu og gæðasamveru-
stundum fjölskyldnanna sem í því taka þátt.

Þóra Hinriksdóttir garðyrkjufræðinemi leiðbeinir þátttakendum en í Seljagarði er frábær aðstaða og gott samfélag. Þar er hægt að rækta salat, kryddjurtir, kartöflur, gulrætur, rabarbara og fleira.

Konurnar fimm og börnin þeirra sem tóku virkan þátt í verkefninu í sumar koma frá Írak, Íran, Kólumbíu, Kúrdistan og Nígeríu. Aðrir þátttakendur komu sjaldnar en verkefnið var opið öllum sem leita til Hjálparstarfsins og Hjálpræðishersins.

Borðum saman

Frá því í mars 2017 hafa Hjálparstarf kirkjunnar og samfélag Ahmadiyya-múslíma á Íslandi boðið fólki sem býr við verulegan skort upp á kvöldmat og notalega stund í safnaðarheimili Grensáskirkju tvö miðvikudagskvöld í mánuði. Í heimsfaraldri hefur þetta verkefni að mestu legið niðri.

Skjólíð – Opið hús fyrir konur sem glíma við heimilisleysi

Skjólíð er nýtt úrræði Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir konur sem glíma við heimilisleysi, eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi eða búa við ótryggar aðstæður en kirkjuráð fjármagnar rekstur þess.

Skjólíð sem er til húsa við hlið skrifstofu Hjálparstarfsins á neðri hæð Grensáskirkju var opnað með formlegum hætti eftir 10 daga starfsemi þann 25. febrúar þegar Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands ávörpuðu gesti en tilurð Skjólsins er að frumkvæði biskups.

Rósa Björg Brynjarsdóttir var ráðin til starfa sem umsjónarkona Skjólsins 1. nóvember 2020 í 100% starfshlutfalli en Fjóla Halldórsdóttir og Una Sigrún Ástvaldsdóttir, starfskonur, voru ráðnir í 60% starfshlutfalli. Magnea Sverrisdóttir djákni kemur einnig að starfi Skjólsins frá Biskupsstofu. Allar sinna starfskonurnar kærleikspjónustu með sálgæslu í verki.

Eins og nafnið gefur til kynna er Skjólinu ætlað að veita konunum skjól yfir daginn en húsið er opið frá kl. 10–15 alla virka daga. Aðstaða er til að sinna líkamlegu grunnþörfunum fyrir hvíld, næringu og persónulegt hreinlæti en konurnar geta fengið skjólgóð föt, hreinlætisvörur, þvegið af sér og farið í sturtu.

Þegar konurnar hafa fundið öryggi í Skjólinu er rými fyrir kærleika og virkni. Í Skjólinu geta konurnar þrjónað, saumað, púslað, spilað, lesið, málað eða hvað annað sem þeim dettur í hug en starfið er miðað við þarfir þeirra og áhuga.

Á fyrstu mánuðum í starfi Skjólsins hafa starfskonur myndað mikilvæg tengsl við fagaðila sem vinna að bættum hag heimilisláusra með miklar og flóknar þjónustuparfir og er leitast við að færa þjónustuna nær þeim,



til dæmis með því að bjóða upp á að viðtöl við félagsráðgjafana þeirra í Skjólinu ef þær af einhverjum ástæðum eiga erfitt með að nálgast þjónustuna í þjónustu-miðstöðvum.

Vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar (VoR-teymi) er í daglegum samskiptum við Skjólíð og þjónustar konurnar eftir þörfum. Aðrir fagaðilar sem konurnar hafa getað hitt á meðan þær eru í Skjólinu eru til dæmis BARKA, lögræðingar, Frú Ragnheiður, hjúkrunarfræðingur bráðamóttöku kynferðisbrota og fleiri.

Sem betur fer komu samkomutakmarkanir í heimsfaraldri ekki í veg fyrir starfsemina og frá 15. febrúar til 30. júní 2021 komu 35 konur 416 sinnum í Skjólíð eða að meðaltali 5 konur á hverjum virkum degi. Konurnar eru á aldrinum 20–60 ára og eru eins ólíkar og þær eru margar. Allar búa þær yfir áfallasögu og hafa misst tökin á tilverunni.

Starfskonur mæta konunum þar sem þær eru staddar hverju sinni og unnið er með skaðaminnkandi hugmyndafræði í huga. Markmiðið er að draga úr þeim skaða sem aðstæður þeirra geta valdið en flestar kvennanna eiga við vímuefna og/eða geðrænan vanda að stríða. Í einhverjum tilfellum eru konurnar að glíma við tímabundið heimilisleysi á meðan aðrar búa við langvarandi eða ítrekað heimilisleysi.

Frá 15. febrúar til 30. júní 2021 komu 35 konur 416 sinnum í Skjólíð, eða að meðaltali 5 konur á hverjum virkum degi. Konurnar eru á aldrinum 20–60 ára og eru eins ólíkar og þær eru margar. Allar búa þær yfir áfallasögu og hafa misst tökin á tilverunni.



„Samstarf utanríkisráðuneytisins við Hjálparstarf kirkjunnar á sér langa sögu sem grundvallast á víðfeðmri reynslu og starfi samtakanna í þróunarstarfi í fátækari ríkjum heims. Ljósmyndirnar bera vitni um að starf Hjálparstarfs kirkjunnar hefur svo sannarlega borið árangur“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra í ávarpi sínu við opnun ljósmynda-sýningarinnar í Smáralind.

Fræðsla og málsvarastarf

Fræðsla

Margt smátt... og rafrænt fréttabréf til Hjálparliða

Á starfsárinu 2020-2021 var *Margt smátt...*, fréttablað Hjálparstarfs kirkjunnar, þrisvar prentað og því dreift með *Fréttablaðinu* til landsmanna; um miðjan ágúst, og í upphafi aðventu og dymbilviku. Í *Mörgu smáu...* er sagt frá fjölbreyttum verkefnum Hjálparstarfsins og lesendur eru hvattir til að leggja starfinu lið - meðal annars með því að greiða valgreiðslu Hjálparstarfsins í heimabanka.

Í ljósi minnkandi lesturs prentmiðla og til að minnka kostnað við útgáfu ásamt því að huga að umhverfisvernd var ákveðið undir lok starfsárs að gefa fréttablaðið framvegis út á stafrænu formi eingöngu.

Hjálparstarfið leggur áherslu á að *Hjálparliðar* sem styrkja starfið með mánaðarlegu framlagi fái reglulega fréttir af starfinu og sjái þannig hversu mikilvægur stuðningur þeirra er. Hjálparliðar fá því nýjustu fréttir af starfinu í tölvupósti á um það bil tveggja mánaða fresti.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Á starfsárinu var haldið áfram að bæta heimasíðu Hjálparstarfs kirkjunnar, www.hjalparstarfkirkjunnar.is, en síðan gegndi afar mikilvægu hlutverki í heimsfaraldri þar sem fólki í leit að stuðningi var boðið að sækja um aðstoð á umsóknareyðublaði á síðunni. Þá var þýðingarhnappi bætt við á enska svæði síðunnar yfir á pólsku, spænsku, arabísku og persnesku. Á forsiðu heimasíðunnar gefst áhugasömum tækifæri til að skrá sig sem Hjálparliða og styrkja starfið með reglulegum hætti en þar er einnig boðið upp á ýmsar aðrar leiðir til að leggja starfinu lið.

Á Facebook og Instagram segjum við frá verkefnum, viðburðum og ýmsu sem tengist starfinu og hvetjum fólk jafnframt til að leggja starfinu lið. Undir lok starfsárs höfðu 5428 manns líkað við Facebooksíðu Hjálparstarfsins miðað við 5000 manns undir lok starfsársins 2019-2020. Skjólið sem opnaði dyr sínar í febrúar heldur úti sjálfstæðri Facebook-síðu en 561 fylgdust með síðunni undir lok starfsársins.

Fræðsla fyrir fermingarbörn

Fræðslufulltrúi fræddi börn í fermingarfræðslu í sóknum á höfuðborgarsvæðinu um þróunarsamvinnuverkefni í Eþíópíu og Úganda í ágúst og október en minna varð um fræðsluerindi en til stóð vegna samkomutakmarkana í heimsfaraldri.

Fræðslu- og heimildarmyndir

Í desember 2020 sýndi RÚV 24 mínútna langa fræðslu- og heimildarmynd Hjalparstarfs kirkjunnar um starfið innanlands og utan en sérstök áhersla var lögð á að segja frá framlagi fermingarbarna til verkefna Hjalparstarfsins í Afríku. Risamyndir ehf. framleiddi heimildarmyndina fyrir Hjalparstarfið í tilefni 50 ára starfsafmælis stofnunarinnar. Myndin er aðgengileg á RÚV til 10. janúar 2022 en hún er einnig notuð í fræðslustarfi Hjalparstarfsins og þá sérstaklega fyrir börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar.

Hjalparstarfið tók þátt í sameiginlegu verkefni Samstarfshóps félagsamtaka í þróunarsamvinnu og RÚV um gerð fræðsluþáttarins *Stóra myndin: COVID og heimsbyggðin* um áhrif COVID-19 á fátækari samfélög heims og um brýna þörf fyrir þróunarsamvinnu. Heimildarmyndinni, sem sýnd var á RÚV í febrúar 2021, var fylgt eftir með greinaskrifum í fjölmiða og krossmiðlun á samfélagsmiðlum. RÚV hefur boðið norrænum sjónvarpsstöðvum að sýna báðar fræðslumyndirnar án endurgjalds.

Ljósmyndasýning í Smáralind

Hjalparstarf kirkjunnar hélt sýningu í Smáralind frá 26. febrúar til 15. mars 2021 á ljósmyndum Þorkels Þorkelssonar frá verkefnasvæðum Hjalparstarfsins í Úganda og Eþíópíu. Utanríkisráðuneytið veitti fræðslustyrk sem nýttur var í uppsetningu sýningarinnar en Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra flutti ávarp við formlega opnun hennar.

„Samstarf utanríkisráðuneytisins við Hjalparstarf kirkjunnar á sér langa sögu sem grundvallast á víðfeðmri reynslu og starfi samtakanna í þróunarstarfi í fátækari ríkjum heims. Ljósmyndirnar bera vitni um að starf Hjalparstarfs kirkjunnar hefur svo sannarlega borið árangur“ sagði Guðlaugur Þór við í ávarpi sínu við opnun sýningarinnar.

Málsvarastarf

Rödd í hefðbundnum miðlum

Fulltrúar Hjalparstarfs kirkjunnar skrifuðu greinar til birtingar í prent- og vefmiðlum og fóru í viðtal við fjölmiðla starfsárið um kring en þó mest í upphafi skólaárs 2020, í nóvember og desember sem og um vor 2021.

Til umfjöllunar voru fyrst og fremst þau áhrif sem heimsfaraldur og efnahagskreppa höfðu á líf og líðan fólksins sem leitaði aðstoðar hjá Hjalparstarfinu. Þá voru fjölmiðlar mjög áhugasamir um Skjólíð og birtu fréttir af formlegri opnun þess og ræddu við skjólstæðinga. Á vísu.is voru í dálknum Heimsljósi birtar fréttir af þróunarsamvinnuverkefnum og greint var frá stuðningi stjórnvalda við verkefni Hjalparstarfsins á alþjóðavettvangi.

Þátttaka í málþingum

Í mars 2021 hélt Mannréttindaskrifstofa Íslands málþing um áskoranir á tímum Covid-19. Á málþinginu fjallaði Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi um það hvernig starfið hefur verið aðlagð sóttvarnareglum stjórnvalda og um aðstæður fólksins sem hafði leitað til Hjalparstarfs kirkjunnar á því rúma ári sem þá var liðið síðan fyrsta kórónuveirutillfellið varð vart hérlendis.

Þátttaka í EAPN á Íslandi

EAPN á Íslandi eru regnhlífasamtök þeirra félaga sem vinna að farsæld fyrir alla hér á landi. Samtökin eiga aðild að evrópska tengslanetinu EAPN (European Anti Poverty Network) sem voru stofnuð árið 1990.

Níu aðildarfélög standa að EAPN á Íslandi og eiga þau öll sammerkt að hafa sem hluta af sínum markmiðum að vinna að bættum hag þeirra sem búa við fátækt. Þau eru Félag einstæðra foreldra, Hjalparstarf kirkjunnar, Hjalpræðisherinn, Kærleikspjónusta kirkjunnar, Samhjálp, Sjálfsbjörg, Hagsmunasamtök heimilanna og Öryrkjabandalag Íslands.

Á starfsárinu 2020–2021 lét Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi af störfum sem formaður EAPN á Íslandi og Guðný Helena Guðmundsdóttir félagsráðgjafi tók við keflinu sem almennur fulltrúi Hjalparstarfsins í samtökunum.

Verkefni á alþjóðavettvangi

Þegar Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt árið 2015 var stefnt að því að þeim yrði náð árið 2030 og að þá myndi enginn búa við það sára fátækt að eiga minna en 1,25 Bandaríkjadali til að framfleyta sér á degi hverjum.

Í skýrslu sem Alþjóðabankinn gaf út á árinu 2021 um fátækt og farsæld segir að stríðsátök, loftslagsbreytingar og heimsfaraldur af völdum COVID-19 geti leitt til þess að 150 milljónir manna bætist í hóp sárafátækra fyrir lok árs. Það er ömurlegt bakslag í viðleitinni um að útrýma sárafátækt og vonin um að heimsmarkmiðin náist á tilsettum tíma fer dvínandi.

Þegar mikilvægir markaðir fyrir vörur og þjónustu lokast eins og gerst hefur vegna heimsfaraldursins hefur fólk sem selur afurðir sínar á markaði ekkert til að lifa af. Afleiðingarnar í efnaminni ríkjum heims þar sem fólk er þegar útsett fyrir sárafátækt eru minna aðgengi að vatni, næringarskortur, skortur á heilbrigðisþjónustu, aukin hættu á menntunarleysi, aukið ofbeldi, félagsleg útskúfun og þverrandi tækifæri til að sjá sér farborða.

Í heimsfaraldrinum hefur heimilisofbeldi og kynbundið ofbeldi aukist sérstaklega og barnabréðkaupum hefur fjölgað. Faraldurinn hefur aukið hættuna á ójöfnuði innan og milli samfélaga og þar með hafa líkur á átökum aukist. Þá hefur brunnið við að stjórnvöld í ríkjum með veikburða stjórnsýslu og stjórnskipulag hafi notað faraldurinn sem skálaskjól til að þrengja að félagslegum réttindum fólks.

Jarðarbúar standa því frammi fyrir gríðarstórum verkefnum sem takast

þarf á við í sameiningu og á heimsvísu. Lágtekjulönd eru vön því að fást við hamfarir og búa yfir þrautseigju sem þau geta nýtt sér til þess að ná sér tiltölulega fljótt aftur á strík – af því gefnu að þau fái þá utanaðkomandi aðstoð sem þau þurfa. Í heimsfaraldrinum hefur mikilvægi borgarasamtaka þannig sjaldan komið skýrar í ljós.

Á starfsárinu 2020–2021 hefur Hjálparstarf kirkjunnar tekið þátt í mannúðaraðstoð og haldið áfram verkefnum í þróunarsamvinnu með fólkinu í grasrótinni; fólkinu sem þarf að kljást við erfiðar aðstæður og best þekkir leiðir út úr þeim.

Mannúðaraðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mannúðaraðstoð í samvinnu við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins, LWF/DWS og systurstofnanir í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance. Bæði samtökin samhæfa mannúðaraðstoð með hjálparstofnunum Sameinuðu þjóðanna og starfa eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

Mannúðaraðstoð er veitt fórnarlömbum vopnaðra átaka og náttúruhamfara, bæði í kjölfar þeirra sem valda skyndilegri neyð svo sem eldgos og jarðskjálftar, og þeirra sem valda langvarandi neyð fólks, svo sem síendurteknir þurrkar og flóð sem meðal annars má rekja til hamfarahlýnunar jarðar af mannavöldum.

Markmið með mannúðaraðstoð eru að bjarga mannlífum, vernda óbreytta borgara gegn vopnuðum átökum, útvega nauðpurftir og auðvelda fólki afturhvarf til eðlilegra lífshátta. Leitast er við að veita aðstoðina þannig að samfélög sem hafa laskast geti sem allra fyrst staðið á eigin fótum, hafi byggt upp innviði og eflt viðnámsprótt sinn gegn hamförum.

Á starfsárinu 2020–2021 sendi Hjálparstarfið rúmlega 21 milljón króna til mannúðaraðstoðar í Eþíópíu vegna átaka í Tigrayfylki í norðanverðu landinu. Til samanburðar sendi Hjálparstarfið um 39 milljónir króna til mannúðaraðstoðar í Malaví, Jórdaníu, Sýrlandi og Írak á starfsárinu 2019–2020. Utanríkisráðuneytið og Hjálparliðar standa að baki framlögunum.

Aðstoð vegna átaka í Tigrayfylki í Eþíópíu

Átök milli stjórnarhers Eþíópíu og Frelshreyfingar Tigray í samnefndu fylki í norðanverðu landinu hafa stigmagnast síðan í nóvember 2020 og óttast er að þúsundir hafi látið lífið en tugþúsundir íbúa hafa flúið yfir til nágrannaríkjanna Súdans og Sómalíu eða eru á vergangi innanlands. Neyðarástand ríkir í Tigrayfylki þar sem hjálparsamtök hafa gagnrýnt

Á starfsárinu 2020–2021 sendi Hjálparstarfið rúmlega 21 milljón króna til mannúðaraðstoðar í Eþíópíu vegna átaka í Tigrayfylki í norðanverðu landinu. Til samanburðar sendi Hjálparstarfið um 39 milljónir króna til mannúðaraðstoðar í Malaví, Jórdaníu, Sýrlandi og Írak á starfsárinu 2019–2020.

stríðandi fylkingar fyrir að torvelða hjálparstarf og átökin hafa breiðst út til nágrannahéraða.

Hjálparstarf kirkjunnar sendi í lok mars 2021 rúmlega tuttugu og eina milljón króna til brýnnar mannúðaraðstoðar í Tigrayfylki en talið er að milljónir íbúa í fylkinu þurfi á mannúðaraðstoð að halda. Einnig hafa ásakanir um mannréttindabrot og brot á mannúðarlögum gerst háværari með degi hverjum. Stærsti hluti af framlagi Hjálparstarfsins er styrkur frá utanríkisráðuneytinu sem veitti 20 milljónum króna til aðstoðarinnar.

Konur og börn yngri en fimm ára sem hafa flúið heimkynni eru í miklum meira hluta þeirra sem nú hafast við í yfirfullum bráðabirgðabúðum. Hjálparsamtök segja mikinn matarskort á svæðinu og þörfin fyrir aðstoð er brýn. Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins vinnur náið með stjórnvöldum á svæðinu og öðrum mannúðarsamtökum til þess að tryggja að aðstoðin berist því fólki sem er í neyð.

Hjálparstarfið á vettvangi snýst um að vernda líf og lífsafkomu fólks, bæta fæðuöryggi með því að útvega korn og verkfæri til landbúnaðar, úthluta búfé, tryggja fólki húsaskjól, og veita beinan óskilyrtan fjárstuðning. Einnig er unnið að því að bæta aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu, tryggja fræðslu um smitvarnir gegn COVID-19 ásamt því að dreifa sóttvarnarbúnaði til einstaklinga, svo eitthvað sé nefnt. Kórónuveirufaraldurinn torveldar allt hjálparstarf en starfsfólk Lútherska heimssambandsins leggur ríka áherslu á að útvega fólkinu sóttvarnarbúnað og fræða um forvarnir.

Þróunarsamvinna

Í þróunarsamvinnu starfar Hjálparstarf kirkjunnar með staðbundnum hjálparsamtökum og Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, í þágu fólks í einna fátækustu samfélögum heims.

Meginmarkmið eru að fólk sem býr við sára fátækt geti séð sér farborða á sjálfbæran hátt en sérstök áhersla er lögð á að tryggja velferð barna. Verndun umhverfisins og valdefling, og þá kvenna sérstaklega, eru áhersluþættir í verkefnum sem unnin eru í samvinnu við fólkið sjálft á hverjum stað. Samstarfsaðilar Hjálparstarfsins í þróunarsamvinnu þekkja vandann af eigin raun, menninguna og tungumál á hverjum stað. Þeir eru á staðnum eftir að verkefnum lýkur og geta metið árangur þeirra.



Mæður og börn fá mataraðstoð hjá Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins í Tigrayfylki í Eþíópíu.

Átök milli stjórnarhers Eþíópíu og Frelsishreyfingar Tigray í samnefndu fylki í norðanverðu landinu hafa stigmagnast síðan í nóvember 2020 og óttast er að þúsundir hafi látið lífið en tugþúsundir íbúa hafa flúið yfir til nágrannaríkjanna Súdans og Sómalíu eða eru á vergangi innanlands. Neyðarástand ríkir í Tigrayfylki þar sem hjálparsamtök hafa gagnrýnt stríðandi fylkingar fyrir að torvelða hjálparstarf og átökin hafa breiðst út til nágrannahéraða.



Í þau 14 ár sem verkefnið hefur varað hafa brunnar verið grafnir og þar sem það hefur ekki verið mögulegt hafa verið grafnar vatnsþrær (birkur) fyrir regnvatn. Stíflur og veggir í árfarvegum hafa verið reist til að halda regnvatni í farvegi og hefta eyðimerkurmyndun, nýjar og þurrkþolnari korntegundir hafa verið kynntar til sögunnar sem og skilvirkari ræktunaraðferðir og betri verkfæri. Þá hafa dýraliðar hafa verið þjálfaðir til að meðhöndla dýrasjúkdóma og bólusetja búfé.

Á starfsárinu 2020–2021 varði Hjálparstarfið 87,9 milljónum til þróunarsamvinnu í Eþíópíu, á Indlandi og í Úganda en til samanburðar varði Hjálparstarf kirkjunnar 85,7 milljónum króna til sömu verkefna á starfsárinu 2019–2020. Utanríkisráðuneytið veitti styrki til verkefnanna í Eþíópíu og Úganda samkvæmt verklagsreglum um styrki til verkefna borgarasamtaka í þróunarsamvinnu.

Eþíópía

Undanfarin tvö ár hafa reynst fólkinu í Eþíópíu sérstaklega erfið. Versti engisprettufaraldur í 25 ár eyðilagði uppskeru og jók á fæðuóöryggi í landinu, verstu flóð í manna minnum fóru yfir hluta landsins í kjölfar þurrka, átök í Tigrayfylki í norðurhluta landsins hafa breiðst út til nágrennafylkja og undir lok starfsárs 2020–2021 var mikill pólitískur óstöðugleiki í landinu. Samkvæmt upplýsingasíðu Sameinuðu þjóðanna höfðu fleiri en 277 þúsund manns sýkst af kórónuveirunni og 4.349 látist í landinu af völdum veirunnar um mitt ár 2021.

Eþíópía er ellefu sinnum stærra en Ísland að flatarmáli og í landinu búa um 115 milljónir íbúar í níu fylkjum sem hafa ákveðið sjálfstæði í sínum málum.

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sárafatæku fólki í Sómalífylki sem er í austanverðu landinu. Sómalífylki þekur 327 þúsund ferkílómetra og þar búa yfir 6 milljónir sjálfsþurftarbænda og hálfhirðingja. Tíðir þurrkar valda viðvarandi matarskort og vannæringu í fylkinu og fatæktin veldur því að grunnstoðir samfélagsins eru veikar.

Verkefnið hefur verið unnið með Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF/DWS, í Eþíópíu frá árinu 2007. Fyrst í stað var unnið með sjálfsþurftarbændum í Jijigahéraði en frá árinu 2018 hefur aðstoðin verið veitt íbúum í héraðinu Kebri Beyah sem er austur af Jijiga. Á starfsárinu 2020–2021 nam kostnaður við verkefnið 43,9 milljónum króna.

Fyrsta fasa verkefnisins í Kebri Beyah lauk í lok árs 2020 en annar fasi þess nær frá 2021 til 2024 en á því tímabili telur markhópurinn 2.651 bændur og fjölskyldur þeirra, samtals 21.208 einstaklinga.

Meginmarkmið verkefnisins eru að auka þolgæði samfélagsins og getu þess til að bregðast við hamförum og neikvæðum áhrifum loftslags-

breytinga; að bæta lífsafkomu og fæðuöryggi sjálfsþurftabænda á svæðinu; að bæta aðgengi íbúanna að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu; og að stuðla að auknu jafnrétti með valdeflingu kvenna og stúlkna.

Í skýrslu Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins um framvindu verkefnisins kemur fram að 97% af því sem stóð til að framkvæma á árinu 2020 hafi verið framkvæmt samkvæmt áætlun. Hins vegar tókst aðeins að framkvæma um 30% af því sem átti að gera á fyrstu sex mánuðum ársins 2021.

Í verkáætlun fyrir seinni hluta árs 2021 er gert ráð fyrir því að þá verði hægt að vinna upp það sem ekki náðist að gera á fyrri hluta ársins. Skýring á töfum á framkvæmdum er að staðaryfirvöld í Jijiga drógu að skrifa undir samning um annan fasa verkefnisins en það gerðu þau í byrjun maí 2021.

Á árinu 2020 voru grafnar fjórar vatnsþrær, 80.000 vatnshreinsitöflum var dreift til 1.000 fjölskyldna, 420 bændur fengu afhent 1.700 kg af þurrkþolnum korntegundum til ræktunar, 60 bændur fengu 60 kg af laukfræjum til ræktunar, 80 bændur tóku þátt í námskeiðum um skilvirkar ræktunaraðferðir og 80 nýjum plógum var dreift.

Tvær vélknúnar þreskivélar voru afhentar, ein í Harehéraði fyrir hóp 20 bænda og önnur í Egatohéraði fyrir hóp 20 bænda þar. Gjald er tekið fyrir notkun þreskivélanna og er andvirðið notað til að kaupa eldsneyti, til að sinna viðhaldi og til að safna fyrir fleiri þreskivélum. Bændur sem ekki taka þátt í verkefninu geta leigt vélarnar gegn gjaldi en þrír bændur sem nota eina þreskivél afkasta á klukkustund því sem fimmtán bændur geta afkastað á sex klukkustundum.

Í verkefninu fengu ungir menn þjálfun sem dýraliðar og tóku þeir þátt í bólusetningarherferð stjórnvalda þar sem 120.000 dýr voru bólusett. Dýraliðarnir hlúðu auk þess að 20.000 dýrum með sjúkdómseinkenni.

Í trjáæktarstöð í Konton Roblehéraði voru 30.000 trjágræðlingar ræktaðir og þeim dreift til bænda en trén binda vatn í jarðveginum og veita skjól til ræktunar. Til að stjórna vatnsrennsli og hefta jarðrof voru 80 rúmmetrar af hleðsluefni notaðir í steinhleðslu í árfarvegum í Hare- og Duriahéruðum.

Sextíu bændur tóku þátt í námskeiði um umhverfisvernd og verndun náttúruauðlinda og 20 bændur í landgræðsluhópum fengu fræðslu um skógrækt og umhverfisvernd.

Þrír hópar með samtals 30 þátttakendum (24 konur og 6 karlar) fengu fræðslu um notkun skilvirkra sparhlóða sem nýta eldivið mun betur en eldri hlóðir. Þátttakendurnir fengu þjálfun í að búa til sínar eigin sparhlóðir og hóparnir fengu mót og verkfæri til að búa til sparhlóðir úr steypu eða leir. Í framhaldinu fræddu þátttakendur í hópastarfinu 30 fleiri konur sem svo bjuggu sjálfar til sparhlóðir fyrir eldhús sín. Sparhlóðirnar gagnast konum sérstaklega þar sem þær bera ábyrgð á því að safna eldivið. Með því að nota sparhlóðir þarf allt að því helmingi minni eldivið en það sparar konunum tíma.

Tuttugu konur í fjórum hópum fengu fræðslu um sparnaðarleidir og verslunarrekstur og hver kona fékk í framhaldinu um 9.000 króna lán til að hefja eigin atvinnurekstur en konurnar ráða sjálfar yfir þeim fjármunum sem þær afla með rekstrinum.

Í maí 2021 var haldin vinnustofa með staðaryfirvöldum og haldnir voru samráðsfundir með haghöfum nýs verkefnisfasa. Hagaðilar voru upplýstir um helstu verkþætti verkefnisins og í framhaldinu voru mælikvarðar ákveðnar og valnefnd stofnuð um þátttakendur í nýjum fasa.

Markhópur í nýjum fasa eru fátækustu fjölskyldurnar á svæðinu, og eru ekkjur og fatlaðir í forgangi. Í maí voru keypt 6 kg af laukfræjum, 40 kg af paprikufræjum og 10 kg af vatnsmelónufræjum til að eiga fyrir næsta regntíma í ágúst og september.

Í maí voru þátttakendur í nýjum fræðsluhópi kvenna valdir fyrir fræðslu á seinni hluta ársins 2021. Undirbúningur var hafinn vegna tveggja vatnsþróa sem á að grafa fyrir á seinni hluta ársins en staðsetning hefur verið ákveðin og undirbúningur verklegra framkvæmda hafinn.

Konur hafa tekið þátt í sparnaðar- og lánaþópum og fengið fræðslu um það hvernig best sé farið af stað með eigin rekstur. Eftir fræðslu og þjálfun hafa margar kvennanna hafið rekstur og reka litla búð, stunda geita- og hæsnarækt og rækta grænmeti. Konur sem hafa tekið þátt í verkefninu tala um að þær hafi fjárráð og ákvörðunarvald en það var nær óþekkt að konur hefðu slíkt á verkefnasvæðunum áður en samvinnan hófst.

Indland

Sameinaða indverska kirkjan, United Christian Church of India eða UCCI, hefur starfað í Andhra Pradeshfylki í austurhluta Indlands frá árinu 1968. Frá stofnun hefur UCCI hjálpað fjölskyldum sem tilheyra hópi stéttleysingja í fylkinu og búa við örbirgð. UCCI rekur þar skóla, heimavist og spítala ásamt því að gefa fólkinu mat.

Frá árinu 1989 hafa Hjálparstarf kirkjunnar og Fósturforeldrar stutt starf UCCI með því að greiða kostnað við skóla- og heimavist fyrir börn ásamt því að senda stök framlög til viðhalds bygginga og til starfsemi spítalans.

Starfsárið 2020–2021 styrktu Hjálparstarf kirkjunnar og Fósturforeldrar 121 barn og unglunga til náms en auk þess greiddi Hjálparstarfið laun átta kennara við skólann. Alls nam fjárstuðningur við verkefnið um 5,7 milljónum króna á starfsárinu. Eftir langt og farsælt samstarf við UCCI dregur Hjálparstarf kirkjunnar nú úr stuðningi við verkefnið og mun samstarfi ljúka í lok starfsárs 2021–2022.

Úganda – aðstoð við barnafjölskyldur sem búa við sára fátækt vegna HIV/alnæmis

Frá árinu 2001 hefur Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðað HIVsmitaða, alnæmissjúka, aðstandendur þeirra og eftirlifendur upp til sveita í Úganda. Frá árinu 2016 hefur aðstoðin verið veitt í sveitarfélögunum Rakai

og Lyantonde í samstarfi við grasrótarsamtökin Rakai Community Based AIDS Organization, RACOBABO, sem sprottin eru upp úr hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins á svæðinu.

Skjólstæðingar verkefnisins eru fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína af völdum alnæmis og búa ein en líka HIVsmitaðir ein-

stæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt.

Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins sem býr við nístandi skort með því að reisa múrsteinshús sem eru útbúin grunnhúsbúnaði og elda-

skála með hlóðum sem spara eldsneyti. Reistir eru kamrar við hlið húsanna, fólkið fær fræðslu um samband hreinlætis og smithættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu. Aðgengi fólksins að hreinu vatni er aukið með því að koma upp 4000 lítra vatnssöfnunartönkum við hlið íbúðarhúsanna. Þegar börnin þurfa ekki að fara eftir vatni um langan veg hafa þau tíma til að sækja skólann. Hættan á kynferðislegri misnotkun minnkar einnig þegar stúlkur þurfa ekki að fara fjarri heimilinu eftir vatni í morgunsárið.

Fólkið fær geitur, verkfæri, fræ og útsæði til grænmetisræktunar, allt í þeim tilgangi að auka fæðuval og möguleika fjölskyldnanna til að afla sér tekna. Með fjölbreyttari fæðu verður heilsa fjölskyldnanna betri og með tekjum aukast líkur á að börnin geti sótt skóla og fengið menntun. Með aukinni menntun minnka líkur á að stúlkur verði gefnar barnungar í hjónaband og eignist börn á unglingsaldri. Með stuðningi er vítahringur fátæktar rofinn.

Á starfsárinu 2020–2021 sendi Hjálparstarf kirkjunnar 17,3 milljóna króna framlag til verkefnisins en á tímabilinu tókst að framfylgja verkefnisáætlun þrátt fyrir heimsfaraldur. Reist voru átta múrsteinshús, eldaskálar, kamrar og vatnstankar við hlið húsanna. Fjölskyldurnar fengu einnig geitur, verkfæri og útsæði til ræktunar og fræðslunámskeið og fundir voru haldin samkvæmt áætlun.

Í framvinduskýrslu RACOBABO kemur fram að ofbeldi á svæðinu hafi aukist í heimsfaraldri og að konur og stúlkur séu sérstaklega útsettar fyrir illri meðferð. Ofbeldið er rakið til aukinnar fátæktar þar sem bændur hafi haft takmarkaða möguleika á að selja afurðir á markaði vegna samkomutakmarkana stjórnvalda.

Úganda – unglingar í fátækrahverfum Kampala fá tækifæri til betra lífs

Í Úganda búa um 47 milljónir íbúa. Nær helmingur þeirra er yngri en 15 ára. Þrátt fyrir að langflestir búi í sveitum landsins og lífi af landbúnaði flykkist fólk í síauknum mæli til höfuðborgarinnar í leit að betra lífi. Þar bíður flestra hins vegar eymdarlíf í fátækrahverfum en 40% íbúa Kampala búa við sára fátækt.

Atvinnutækifæri í Kampala eru fá og mörg ungmenni skortir menntun og þjálfun til að eiga möguleika á að sækja um störf eða reyna fyrir sér

með eigin rekstur. Börn og unglingar í fátækrahverfunum eru því útsett fyrir misnotkun sökum fátæktar og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð. Neyðin rekur unglingana til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða.

Valdeflingarverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar sem hófst í janúar 2017 er í þágu barna og ungmenna á aldrinum 13-24 ára í fátækrahverfum í Rubage-, Nakawa- og Makindyeahverfum í höfuðborginni Kampala.

Markmið með verkefninu er að unga fólkið öðlist verkunnáttu sem eykur atvinnumöguleika þess. Einnig að unglingarnir taki þátt í uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Með fræðslu um valdeflingu má koma í veg fyrir að barnungar stúlkur verði þungaðar, hefta útbreiðslu HIV/alnæmis og kynsjúkdóma ásamt því að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Í verkefninu er sérstök áhersla lögð á að ná til stúlkna, ungra kvenna og einstaklinga með fötlun.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins í Úganda og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link) sem hafa áratuga reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala. UYDEL er einnig leiðandi í málsvarastarfi fyrir börn og unglinga á landsvísu og ýta á aðgerðir gegn mansali og barnaþrælkun í álfunni og á heimsvísu.

Í smiðjum UYDEL geta ungmennin valið sér ýmis svið og öðlast nægilega færni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápuverð. Einnig eru á dagskrá dans, leik- og sönglist og íþróttir. Í smiðjunum er jafningjafræðsla veitt um kynheilbrigði og um rétt ungs fólks til heilbrigðisþjónustu. Samhliða fræðslunni fá unglingarnir smokka. Mikið er lagt upp úr því að styrkja sjálfsmynd unglinganna sem koma úr ömurlegum aðstæðum í fátækrahverfunum.

UYDEL aðstoðar unglingana sem koma í smiðjurnar við að komast á starfsmenningu hjá fyrirtækjum í Kampala og í framhaldinu að fá þar vinnu. Einn þáttur í náminu hjá UYDEL er verslunarfræði en mörg þeirra sem ekki fá starf hjá fyrirtæki eftir námið opna eigin búðarbas og selja til dæmis flíkur sem þau hafa saumað eða viðgerðarþjónustu.

Verkefnisfasa sem hófst í byrjun árs 2020 lýkur í árslok 2023 en á fjórum



Í smiðjum UYDEL geta ungmennin valið sér ýmis svið og öðlast nægilega færni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápuverð. Einnig eru á dagskrá dans, leik- og sönglist og íþróttir. Í smiðjunum er jafningjafræðsla veitt um kynheilbrigði og um rétt ungs fólks til heilbrigðisþjónustu.

árum er áætlað að verkefnið muni ná til 2000 barna og ungmenna. Á starfsárinu 2020-2021 sendi Hjálparstarfið 20,8 milljóna króna framlag verkefnisins, en á tímabilinu fengu rúmlega 600 ungmenni eins árs starfsmenntun og 3000 fengu fræðslu um kynheilbrigði.

Kórónuveirufaraldurinn hafði áhrif á starfið en starfsfólk UYDEL gætti ítrustu varúðar og virti samkomutakmarkanir stjórnvalda. Með útsjónarsemi tókst hins vegar að halda starfinu áfram á fullum dampi.

Fjármál

Fjáröflun

Hjálparstarf kirkjunnar er aðeins farvegur fyrir stuðning sem ekki væri hægt að veita nema fyrir framlag frá hjartahlýju fólki sem sýnir samhug með fjárframlagi til starfsins. Í heimsfaraldri naut Hjálparstarfið metstuðnings við starfið frá einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, stjórnvöldum og þjóðkirkjunni en alls námu tekjur stofnunarinnar 408,1 milljónum króna á starfsárinu 2020–2021.

Hefðbundin fjáröflunarleið Hjálparstarfsins þar sem fólki á aldrinum 30–80 ára er send valgreiðsla í heimabanka var farin í haustsöfnun í ágúst og september og í jóla- og páskaöfnun. Nýr liður í söfnununum var að bjóða fólki sem hafði sýnt stuðning á Facebook að fá senda greiðslukröfu í heimabanka og bar það góðan árangur.

Í heimsfaraldri naut Hjálparstarfið metstuðnings við starfið frá einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, stjórnvöldum og þjóðkirkjunni en alls námu tekjur stofnunarinnar 408,1 milljónum króna á starfsárinu 2020–2021.

Hjálparstarfsins, minningarkorta og gjafabréfa af vefsíðunni gjofsemgefur.is renndu einnig styrkum stoðum undir starfið.

Söfnun með aðstoð barna í fermingarfræðslu sem fyrirhuguð var í nóvember var hins vegar frestað fram í mars vegna samkomutakmarkana í heimsfaraldri. Í mars reyndist ekki ráðlegt að börnin gengu með bauk heldur settu þau upplýsingablað inn um lúgur á heimilum. Sú leið skilaði litlum árangri. Ekki var heldur hlaupið í Reykjavíkurmaraþoni á starfsárinu og bárust því engin framlög frá velunnurum starfsins með þeirri leið.

Ekkert barn útundan! – Haustsöfnun

Hjálparstarf kirkjunnar safnaði fyrir aðstoð við efnaminni foreldra í upphafi skólaárs 2020 með valgreiðslu í heimabanka um 2.600 króna fram-

Sífelld fleiri bætast í hóp Hjálparliða sem styðja starfið með mánaðarlegu framlagi og er stuðningur Hjálparliða nú einn af mättarstólpum undir starfinu. Regluleg framlög frá öðrum einstaklingum, prestum og sóknunum þjóðkirkjunnar sem og tekjur af sölu styrktarlína í fréttablaði

lag. Alls söfnuðust 10,7 milljónir króna en haustið 2019 söfnuðust 7,1 milljónir króna.

Hjálpumst að! – Jólasöfnun

Í jólasöfnuninni 2020 var safnað fyrir starfinu hér heima á Íslandi sem og á alþjóðavettvangi undir yfirskriftinni Hjálpumst að! Alls söfnuðust 25 milljónir króna en í jólasöfnuninni 2019 var safnað fyrir verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu og Úganda og söfnuðust þá 14,3 milljónir króna.

Tækifæri er allt sem þarf! – Páskasöfnun

Í páskasöfnun 2021 var framlögum safnað til aðstoðar við fólk í efnislegri neyð á Íslandi og á alþjóðavettvangi undir slagorðinu Tækifæri er allt sem þarf! Alls söfnuðust 10,9 milljónir króna en í páskasöfnun 2020 söfnuðust 10,8 milljónir króna fyrir sömu verkefnum.

Hjálparliðar

Hjálparliðar styrkja starfið með mánaðarlegu framlagi og gera stofnuninni betur kleift að rétta hjálparhönd þeim sem á þurfa að halda. Hjálparliðar voru 3311 talsins í lok starfsárs 2020–2021 og nam framlag þeirra 64,9 milljónum króna. Til samanburðar voru Hjálparliðar 2422 talsins í lok starfsárs 2019–2020 og heildarframlag nam þá 49,9 milljónum króna.

Gjöf sem gefur


Ný og endurbætt gjafabréfasíða fór í loftið þann 23. febrúar 2021 en eldri síðan var barn síns tíma og úreld um margt. Á 26 nýjum gjafabréfum er áhersla lögð á að fræða um ólíka verkþætti í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi jafnt sem á alþjóðavettvangi. Á starfsárinu 2020–2021 keypti fólk gjafabréf fyrir 6,6 milljónir króna á www.gjofsemgefur.is en á starfsárinu 2019–2020 fyrir 6,8 milljónir króna.

Tekjur af sölu styrktarlína og auglýsinga í fréttablaði


Hjálparstarfs kirkjunnar

Fyrirtæki, félög og stofnanir lögðu starfinu lið með því að kaupa styrktarlínur og auglýsingar í *Mörgu smáu...* fréttablaði Hjálparstarfs kirkjunnar, sem kom út þrisvar á starfsárinu 2020–2021. Alls söfnuðust 14,9 milljónir króna með þeim hætti miðað við 14,3 milljónir króna starfsárið 2019–2020.


Á starfsárinu 2020–2021 námu tekjur alls 408,1 milljónum króna



Á starfsárinu 2020–2021 nam ráðstöfun til verkefna og reksturs samtals 375,2 milljónum króna



Á starfsárinu 2020–2021 var 289,4 milljónum króna varið til eftirfarandi verkefna



Framlög til verkefna og reksturs

Á starfsárinu 2020–2021 varði Hjálparstarf kirkjunnar 375,2 milljónum króna til verkefna og reksturs. Alls var 87,9 milljónum króna varið til verkefna í þróunarsamvinnu og 21,1 milljón króna til mannúðaraðstoðar. Til verkefna innanlands varði Hjálparstarfið 168 milljónum króna, þar af 43,6 milljónum króna til Skjólans. Alls var 12,2 milljónum króna varið til fræðslustarfs.

Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk

Hlutverk

Hjálparstarf kirkjunnar starfrækir mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar. Sem kirkjutengd stofnun nýtur Hjálparstarfið þeirrar sérstöðu að byggja á grasrótarstarfi í nærsamfélaginu en meginmarkmiðin eru bætt lífsgæði þeirra sem búa við fátækt og að mannréttindi séu virt. Í starfinu felst þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð á alþjóðavettvangi, neyðaraðstoð, félagsleg ráðgjöf og valdeflandi verk efni innanlands, talsmannshlutverk, fræðsla og fjáröflun.

Skipulag

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun skráð í þjóðskrá og fyrir-tækjaskrá hjá Ríkisskattstjóra með rekstrarform félagasamtaka. Starfsár stofnunarinnar er frá 1. júlí – 30. júní ár hvert. Yfirstjórn er í höndum fulltrúaráðs en í það skipar kirkjuráð þjóðkirkjunnar fimm fulltrúa, lærða og leikna, og prófastsdæmi í landinu einn fulltrúa hvert. Auk þess er hverri kirkjusókn heimilt að tilnefna fulltrúa í ráðið. Fulltrúaráð kys framkvæmdastjórn Hjálparstarfsins og setur henni og endurskoðendum starfsreglur.

Framkvæmdastjórn

Í framkvæmdastjórn Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2020-2021 voru: Gunnar Sigurðsson, formaður, Hörður Jóhannesson og Salóme Huld Garðarsdóttir. Varamenn í stjórn voru Benedikt Vilhjálmsson og Vigdís Valgerður Pálsdóttir.

Starfsfólk

Bjarni Gíslason er framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

Áslaug Arndal hefur umsjón með skrifstofu

Kristín Ólafsdóttir hefur umsjón með fræðslu og fjáröflun

Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi hefur umsjón með innanlandsstarfi

Guðný Helena Guðmundsdóttir er félagsráðgjafi í innanlandsstarfi

Júlía Margrét Rúnarsdóttir er félagsráðgjafi í innanlandsstarfi

Rósa Björg Brynjarsdóttir er umsjónarkona Skjólsins

Fjola Halldórsdóttir lét af störfum í lok starfsárs og **Hrönn Hjálmarsdóttir** var ráðin starfskona í hennar stað í 60% starfshlutfalli.

Una Sigrún Ástvaldsdóttir er starfskona í Skjólinu í 60% starfshlutfalli

Magnea Sverrisdóttir djákni kemur einnig að starfi Skjólsins frá Biskupsstofu

Starfsfólk og stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar minnst með hlýhug og söknuði kærar samstarfsmanns, **Atla Geirs Hafliðasonar**, sem varð bráðkvaddur þann 27. júní 2021. Atli hóf störf hjá Hjálparstarfinu árið 2007 og sinnti ýmsum verkefnum í innanlandsstarfi. Hann sá lengi um kertasölu, var bókari stofnunarinnar og bílstjóri ásamt því að hafa umsjón með störfum sjálfboðaliða.

Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

Sjálfkjörin samkvæmt

skipulagsskrá stofnunarinnar

Frú Agnes M. Sigurðardóttir biskup

Skipaðir af kirkjuráði

Gunnar Sigurðsson
Hörður Jóhannesson
Kristín Magnúsdóttir
Pétur Ragnhildarson
Salóme Huld Garðarsdóttir

Varamenn kirkjuráðs

Guðbjörg M. Matthíasdóttir
Jón Kristjánsson

Fulltrúar prófastsdæma

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Halldór Kristinn Pedersen

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Magnús Ásgeirsson
Vigdís Pálsdóttir

Kjalarnesprófastsdæmi

Margrét Gunnarsdóttir
Sr. Bragi Ingibergsson

Vesturlandsprófastsdæmi

Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson

Vestfjarðaprófastsdæmi

Helga Friðriksdóttir
Svava Björg Þorsteinsdóttir

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sr. Bryndís Valbjarnardóttir

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Sr. Guðmundur Guðmundsson

Austurlandsprófastsdæmi

Sr. Dagur Fannar Magnússon
Sr. Þuríður Björg Wíium

Suðurprófastsdæmi

Hafsteinn Stefánsson
Örn Arnarson

Fulltrúar prestakalla

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Árbæjarsókn
Guðbjörg Helgadóttir

Breiðholtssókn

Anna M. Axelsdóttir

Digranessókn

Margrét Loftsdóttir
Brynja Baldursdóttir

Kársnessókn

Benedikt Vilhjálmsson

Hjallasókn

Ársæll Arnarson

Grafarvogssókn

Sigmar Gíslason
Katrín Þorsteinsdóttir

Lindasókn

Heiðís Karlsdóttir

Fella- og Hólabrekkusókn

Guðrún Jónsdóttir
Guðmundur Hermannsson

Seljasókn

Matthildur Sverrisdóttir

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Ássókn

Oddgeir Þórðarson

Bústaðasókn

Magnús Viðar Skúlason

Dómkirkjusókn

Einar Gottskáldsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Grensássókn

Erik Pálsson
M. Linda Helgadóttir

Hallgrímssókn

Guðlaugur Gunnarsson

Háteigssókn

Ingólfur Björnsson

Langholtssókn

Anna Þóra Pálsdóttir

Seltjarnarnessókn

Margrét Albertsdóttir
Guðmundur Magnússon

Kjalarnesprófastsdæmi

Bessastaðasókn
Margrét Gunnarsdóttir

Garðasókn

Heiðrún Jensdóttir

Kálfatjarnarsókn

Inga Rut Hlökkversdóttir
Símon Georg Rafnsson

Suðurprófastsdæmi

Selfosssókn
Vilhjálmur E. Eggertsson
Þórður G. Árnason

Ofanleitissókn

Sigríður Kristjánsdóttir
Aðalheiður Pétursdóttir

Kirkjubæjarklaustursókn

Elín Anna Valdimarsdóttir
Arndís Jóhannsdóttir

Vesturlandsprófastsdæmi

Akranessókn
Sigríður Kr. Valdimarsdóttir
Ragnheiður Grímsdóttir

Eyjafjarðarprófastsdæmi

Akureyrarsókn
Jón Oddgeir Guðmundsson

Þingeyjarprófastsdæmi

Húsavíkursókn
Guðbergur Rafn Ægisson



Hjálparstarf kirkjunnar hefur á starfsárinu 2020-2021 lagt áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 1, 2, 3, 4, 5, 6, 10 og 17.

Heimasíða: hjalparstarfkirkjunnar.is
Facebooksíða: [@hjalparstarf.kirkjunnar](https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar)
Instagram: [@hjalparstarfid](https://www.instagram.com/hjalparstarfid)
Gjafabréf: gjofsemgefur.is

Starfsskýrsla Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2020-2021

Ritstjórn: Kristín Ólafsdóttir, upplýsinga- og fræðslufulltrúi

Hönnun: Margrét E. Laxness

Forsíðumyndir: Þorkell Þorkelsson, Rakel Ósk Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir

Mynd bls. 7: Rakel Ósk Sigurðardóttir, myndir bls. 19: Bent Marínósson, mynd bls. 23: Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins í Eþíópíu, myndir bls. 24 og 27: Þorkell Þorkelsson

Aðrar myndir: Hjálparstarf kirkjunnar